

LÖG

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (frestun réttaráhrifa o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. Í stað 1. másl. 2. mgr. koma þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. frestar kæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar Útlendingastofnunar um að útlendingur skuli yfirlæta landið í þeim tilvikum þegar Útlendingastofnun hefur metið umsókn hans ber-sýnilega tilhæfulausa og hann kemur frá ríki sem er á lista stofnunarinnar yfir örugg upprunaríki, sbr. b-lið 1. mgr. og 2. mgr. 29. gr. Hið sama gildir um ákvörðun sem Útlendingastofnun tekur samkvæmt lokamálslið þessarar málsgreinar. Berist kærunefnd útlendingamála beiðni um frestun réttaráhrifa á ákvörðun Útlendingastofnunar eða kæra á ákvörðun Útlendingastofnunar um að fresta ekki réttaráhrifum skal nefndin vísa frá slíku erindi.
- b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 70. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skilyrði þess er að mak-inn hafi rétt til fjölskyldusameiningar samkvæmt þessum kafla og að hann sé annaðhvort í hjúskap eða sambúð. Sambúð skal hafa varað lengur en eitt ár.
- b. Orðin „hjúskapur eða“ í 2. mgr. falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara fellur brott ákvæði til bráðabirgða í lögnum.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Sigríður Á. Andersen.